

Alþingi nefndasvið  
Elín Valdís Þorsteinsdóttir  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 28.02.2006

Tilv. 40.13

JP/gg

### **Umsögn um frumvarp til laga um Matvælarannsóknir hf., 387. mál**

Landspítala - háskólasjúkrahúsi barst framangreint mál til umsagnar með bréfi Alþingis frá 6. f.m.

Markmið með setningu þessara laga er að sameina matvælarannsóknir hér á landi í eina stofnun. Samkvæmt 1. gr. er við það miðað að heimilað verði að stofna hlutfélagið Matvælarannsóknir hf. Félagið verði í eigu ríkisins og sjávarútvegsráðherra fari með hlut ríkisins.

Á sl. ári var gerður samningur milli Landspítala - háskólasjúkrahúss og Háskóla Íslands um Rannsóknastofu í næringarfræði (RÍN). Er hlutverk rannsóknastofunnar að vera vettvangur á sviði vísindarannsókna og þróunarstarfs á sviði næringarfræði. Markmið RÍN er m.a. að vera "miðstöð rannsókna á sviði næringarfræði sem heilbrigðisvísindagreinar, sem tengir heilbrigðis- og raunvísindi við þekkingu á menningu og félagslegum aðstæðum, iðnaði og markaði."


Hjá Rannsóknastofu í næringarfræði starfa virtir fræðimenn með sérfræðiþekkingu á sviði rannsókna í næringarfræði. Hafa þeir jafnframt starfsaðstöðu hjá H.Í. sbr. áður tilgreindan samning stofnananna. Frumvarp til laga um Matvælarannsóknir hf. var sent rannsóknastofunni til nánari skoðunar.

LSH hefur nú borist umsögn Rannsóknastofu í næringarfræði við LSH og H.Í. Þar er fagnað framkomnu frumvarpi sem hefur það að markmiði að tengja saman einingar sem vinna að matvælarannsóknum á Íslandi.

Í umsögninni koma fram ýmsar ábendingar og/eða athugasemdir sem nánar eru útlistaðar. Er vísað til þess sem þar kemur fram og LSH gerir að sínum athugasemdum.

Fyrir hönd LSH er mælt með framgangi máls 387., Matvælarannsóknir hf., að teknu tilliti til meðfylgjandi umsagnar Rannsóknastofu í næringarfræði við Landspítala - háskólasjúkrahús og Háskóla Íslands.

Virðingarfyllst



Magnús Pétursson, forstjóri

Meðf. Umsögn Rannsóknastofu í næringarfræði

## **Frumvarp til laga um stofnun Matvælarannsóknna hf. sem lagt verður fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005-2006.**

Rannsóknastofa í næringarfræði (RÍN) við Landspítala Háskólasjúkrahús (LSH) og Háskóla Íslands (H.Í.) fagnar því að áhugi er fyrir því að stofna Matvælarannsóknir hf og færa saman einingar sem vinna að matvælarannsóknum á Íslandi og gera nútímalegar breytingar á rekstri þeirra. Rannsóknastofan vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

Í frumvarpi til laganna, 2.gr. segir, „Tilgangur félagsins er að sinna rannsóknum og nýsköpun á sviði matvæla í þágu atvinnulífsins, lýðheilsu og....” og í 7.gr segir ”Matvælarannsóknir hf. er skylt að halda uppi tilskilinni öryggisþjónustu á sviði matvælarannsókna í þágu landsmanna sem nánar er skilgreind í samningi við félagið. Félaginu er skylt að framkvæma rannsóknir.../...vegna matvælaeftirlits...”

Þegar vísað er til öryggis matvæla er meðal annars átt við hollustu matvæla sbr. athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins sbr. gr. 7. Í athugasemdum, um 2. gr. kemur fram að áætlað er að gera samninga við ýmsa aðila. Í almennum athugasemdum um lagafrumvarpið er á fleiri en einum stað vísað til hollustu matvæla, oft í lýðheilsufræðilegu samhengi. Í athugasemdum við frumvarpið kemur einnig fram að huga eigi að þjónustusamningi við Rannsóknastofu í næringarfræði (RÍN).

Ljóst er að Matvælarannsóknir hf. þurfa að hafa aðgang að reyndum aðilum með staðgóða þekkingu á næringarfræði, alþjóðlega viðurkennda reynslu varðandi matvæli, næringarfræðileg áhrif og lýðheilsu. Sérfræðiþekking á því hvaða áhrif matvæli og ekki síst vinnsla matvæla hefur á starfsemi líkamans er nauðsynleg til að Matvælarannsóknir hf. nái markmiðum sínum. Alþjóðlegir staðlar eru hér nauðsynlegir þar sem miða verður við alþjóðleg gæðaviðmið og hugsanlega útflutning matvæla.

Möguleikar fiskiðnaðar, landbúnaðar og íslenskrar matvælaframleiðslu eru yfirleitt mjög miklir varðandi framleiðslu hágæðavöru. Mæta þarf kröfum neytenda og halda trausti þeirra með viðurkenndum leiðum til að fylgjast með hollustugildi, virkni og öryggi matvæla og upplýsa neytendur um tilgang breytinga á matvælum.

Rannsóknastofa í næringarfræði (RÍN) lýsir sig reiðubúna til samninga við verðandi Matvælarannsóknir hf. Störf RÍN eru viðurkennd á alþjóðavettvangi fyrir vísindagreinar í ritrýndum alþjóðlegum tímaritum og alþjóðleg ráðgjafastörf innan evrópsks netverks um lýðheilsunæringarfræði og opinberar norrænar ráðleggingar, auk þess að vera eini íslenski aðilinn sem sækir fjölmörg alþjóðleg fræðiþing á sviði næringarfræði og lýðheilsunæringarfræði.

Tveir starfsmenn RÍN eru í Manneldisráði og einn í landsnefnd um lýðheilsu. Eina námskeiðið í lýðheilsunæringarfræði hérlendis er kennt af starfsmönnum RÍN við matvæla- og næringarfræðiskor Háskóla Íslands og áætlað er að bjóða námskeið á því sviði fyrir nemendur í Háskólanum í Reykjavík og mun það verða kennt af starfsmönnum RÍN. RÍN er eina stofnunin hérlendis þar sem sérfræðiþekking á sviði rannsókna í næringarfræði er veruleg.

Í kafla um fyrirhugað skipulag á starfsemi við stofnun Matvælarannsóknna hf. (kafla 7.5) kemur fram að rannsókn- og þróunarsvið stofnunarinnar gæti skipst í fjórar einingar: 1) Afurðir, 2) Umhverfi, 3) Vinnsluferla og 4) Öryggi og heilnæmi. Segja má að næringarfræðilegir þættir tengist öllum einingunum á einhvern hátt.

Nefna þarf sérstaklega eininguna “Afurðir” en undir hana heyra m.a. markfæði, heilsufæði og lífvirk efni. Forsenda fyrir því að unnt verði að kalla fæði markfæði eða auglýsa þau sem heilsufæði er að gerðar verði klínískar prófanir á afurðunum. Kynning og markaðssetning afurða án slíkra rannsókna væri ekki gott til afspurnar fyrir íslenskan matvælaíðnað, meðal annars þar sem sanngirni við neytendur væri ekki gætt. Klínískar rannsóknir á matvælum þarf að gera við aðstæður sem eru fyllilega öruggar og verða þær einungis gerðar í samstarfi við heilbrigðisstofnanir sem vanar eru að meðhöndla matvæli í klínískum tilgangi. RÍN er staðsett á LSH og gerir mælingar á áhrifum einstakra matvæla með ihlutandi rannsóknum.

Einingin “Öryggi og heilnæmi” tengist næringarfræði mikið þar sem meðal annars verður nauðsynlegt að efla gagnagrunn um næringargildi og efnainnihald matvæla, eða það sem hingað til hefur kallast ÍSGEM (íslenskur gagnagrunnur um efnainnihald matvæla).

Rannsóknir á mataræði þjóðarinnar og ekki síst barna, eru forsenda fyrir því að hægt sé að gera áhættugreiningar sem snúa t.d. að íblöndun bætiefna auk aðskotaefna og eiturefna sem kunna að vera til staðar í ákveðnum fæðutegundum. Ekki er þörf á að ítreka að hlutverk næringarfræðinnar að standa vörð um örugga næringu og hollustu fæðunnar er stórt. RÍN er nú eina einingin hérlandis sem gerir nákvæmar athuganir á mataræði barna og tengslum við heilsufar, enda eru það þær rannsóknir, sem einna mesta athygli hafa vakið á alþjóðavísu.

Mörg tækifæri liggja í nálægð og nánú samstarfi milli matvæla- og næringarfræðinga sem tengjast rannsóknum á matvælasviði. Gott samstarf gæti fleytt okkur í fremstu röð á sviði matvælarannsókna og matvælaframleiðslu þar sem sérstaða landsins og íslenskra matvæla gæti notið sín. Til þess þarf að tryggja að viðeigandi samingar séu gerðir frá upphafi svo unnt sé að gera sér grein fyrir þeim kostnaði sem fylgir þeim háleitu og framsæknu markmiðum sem lýst er í lagafrumvarpi um stofnun Matvælarannsókna hf.

RÍN telur því nauðsynlegt að strax við stofnun Matvælarannsókna hf. verði gengið frá þjónustusamningi um framkvæmd ákveðinna rannsókna. Ganga yrði frá útfærslu á greiðslum vegna þjónustunnar, en þær gætu t.d. verið í formi greiddrar kennslustöðu, stöðugildis fyrir sérfræðing á sviði næringarfræði og greiðslur og aðstaða fyrir doktors- eða meistaranema á sviði næringarfræði.